

Fræðslunefndarfundur 01.09.2025

Skólastarf í Húnaskóla í byrjun skólaárs 2025 - 2026

Þórhalla Guðbjartsdóttir skólastjóri Húnaskóla

- Nemendur Húnaskóla eru nú 173.
- Kennarar eru 22, 17 kennarar og 5 leiðbeinendur, þar af 3 í kennsluréttindanámi. 18 í 100% stöðu en 4 í hlutastöðu.
- Stjórnendur eru 3, þar af einn í tímabundnu leyfi.
- Skólaliðar eru 3 í 80% starfi og tveir af þeim eru með húsvörslu 10% hvor
- Stuðningsfulltrúar eru 11, allir í rúmlega 50% stöðum
- Þroskajálfi - 1
- Ritari - 1 í hlutastarfi

Skóladagheimili

Nemendur - rúmlega 50 eins og er en oftast bætist við þegar líður á september

Það er einn umsjónarmaður í hlutastarfi

Annað starfsfólk: 6 allir í hlutastarfi - mismiklu

Stoðþjónustan

Sonja Dröfn Helgadóttir er deildarstjóri stoðþjónustu og jafnframt tengiliður Farsældar.

Hennar starf er að halda utan um alla stoðþjónustu Húnaskóla bæði innan hans og utan skólans þ.e. samskipti við þá stoðþjónustu sem veitt er af aðilum utan skólans.

Deildarstjóri stoðþjónustu hefur m.a. umsjón með að útbúa stundatöflur fyrir stuðning, sérkennslu, ÍSAT-kennslu og þroskajálfa. Amk 35 stundatöflur eru gerðar að hausti, flestar eru í stöðugri endurnýjun allan veturinn. Hér eru ekki talið skipulag í kringum talþjálfun og sálfræðiviðtöl en það þarf líka að finna tíma fyrir það, sem hentar fagaðila, nemanda og foreldrum þar sem það á við. Einnig leggur deildarstjóri fyrir LOGOS skimanir í 3. og 6. bekk, í framhaldi af þeim eru gerður fullar greiningar á þeim sem þess þurfa. Lesferill og Orðarún er skoðuð hjá nemendum í 9. bekk og lögð fyrir skimun ef þörf er á. Full greining er gerð á öllum nemendum sem eru með dyslexíu áður en þeir fara úr Húnaskóla í framhaldsskóla.

Sérfræðipjónusta

Félags- og skólaþjónusta A-hún.

- **Dagný Rósa** Úlfarsdóttir. Fræðslustjóri situr í nemendaverndarráði, veitir ráðgjöf og gerir skimanir eins og málþroskapróf (TOLD) og í sumum tilfellum frumskimun á ADHD.
- **Sigrún** Líndal er iðjupjálfi og ráðgjafi skólaskrifstofu ásamt því að sitja í barnavernd. Hún veitir ráðgjöf um iðjupjálfun nemenda og situr teymisfundi þar sem fötlunar- og/eða einhverfugreining liggur fyrir.
- **Sara Lind** Kristjánsdóttir er félagsmálastjóri. Hún veitir ráðgjöf, situr í nemendaverndarráði og kemur inn á teymisfundi ef þess gerist þörf.

- **Valgerður** Hilmarsdóttir og **Ásta** Þórisdóttir eru starfsmenn félagsþjónustu og koma inn á teymisfundi nemenda með ýmsar fatlanir.

Sálfræðiþjónusta

- **Alda** Ingibergsdóttir er skólasálfræðingur og gerir skimanir á nemendum sem er svo í framhaldinu vísað á viðeigandi greiningarstöð, ef niðurstöður benda til vanda. Fyrirkomulag er þannig að hún kemur á Blönduós sirka eina viku í mánuði.
- **Hjalti** Jónsson er sálfræðingur sem veitir fjarþjónustu. Fer það eftir málum hvort að foreldrar þurfa sjálfir að vera í sambandi við Hjalta og óska eftir þjónustu hans sem þeir greiða að fullu. En einnig hafa fræðslustjóri og/eða félagsmálastjóri komið að málum. Boðið hefur verið upp á þann möguleika að nemendur geti sótt fjarfundaviðtöl á skólatíma, ef það hentar betur og hafa margir nýtt sér það.
- **Sálfræðiþjónusta heilsugæslunnar.** Samstarf hefur verið við heilsugæsluna um sálfræðiþjónustu. Beiðnir fara í gegnum nemendavernd og sér skólahjúkrunarfræðingur um umsóknarferlið. Þjónustan fer fram í gegnum fjarfundarbúnað á heimilum nemenda og er foreldrum að kostnaðarlausu.

Talþjálfun

Skólaskrifstofan er með samning um talþjálfun við **Tröppu**. Trappa veitir fjarþjálfun, á skólatíma, fyrir þá nemendur sem hafa ákveðið miklar hömlur á tali/hljóðum og eru með greiningu þar um frá talmeinafræðingi. Frávik þurfa að vera það mikil að þau falli undir viðmið Sjúkratrygginga Íslands. Húnaskóli er með fimm pláss í þjálfun sem er skipt niður á nemendur og koma þeir í lotur með foreldrum. **Halldís** Ólafsdóttir sem sér um þjálfun.

Hjúkrunarfræðingur

Skólahjúkrunarfræðingur er **Sigríður** Stefánsdóttir. Hún situr í nemendavernd og kemur inn í teymi ef þörf þykir. Hún móttækur beiðnir fyrir sálfræðiþjónustu heilsugæslunnar og gerir umsóknir fyrir þá þjónustu. Hún veitir nemendum viðtöl um líðan og heilsu.

Verkefni og starfsþróun

Við höfum lokið innleiðingu á *Byrjendalæsi* og kennarar nýta byrjendalæsið mest á yngsta stigi en einnig bæði á mið- og unglingastigi. Við erum í fastri áskrift hjá MSHA og nýir kennarar fara á námskeið. Þar sem við erum í fastri áskrift höfum við aðgang að öllu efni, námskeiðum og fyrirlestrum frá MSHA.

Læsi fyrir lífið er framhaldsverkefni af Byrjendalæsi. Næstu fjögur árin munum við skerpa- og innleiða fleiri viðurkenndar kennsluaðferðir sem miða að því að bæta læsi. Búið er að setja niður námskeið vetrarins. Húnaskóli fékk styrk frá Sprotasjóði vegna þessa verkefnis og mun hann dekka kostnað að mestu leyti. Nánar um verkefnið:

Þróunarverkefnið Læsi fyrir lífið miðar að því að efla læsiskennslu á mið- og unglingastigi með fjölbreyttum aðferðum. Verkefnið byggir á læsisstefnunni Læsi er lykillinn. Í Læsi fyrir lífið eru samvirkar læsiskennsluaðferðir og samþætt vinna með orðaforða, lesskilning, lesfimi, ritun, samræðu, tjáningu og hlustun í skólastarfi í brennidepli. Markmiðið er að efla læsisfærni nemenda ár frá ári og að læsi fléttist

inn í allt skólastarf þvert á námsgreinar. Lögð er áhersla á fjölbreyttar og hagnýtar aðferðir sem rannsóknir hafa sýnt að séu árangursríkar í að efla læsi. Í verkefninu er lögð áhersla á að mæta þörfum nemenda þar sem þeir eru staddir námslega og stuðla að auknum áhuga, virkni og árangri þeirra. Í því felst að kennari skipuleggur námið á þann hátt að einstaklingsþörfum sé mætt innan bekkjarins með fjölbreyttu námsefni, vinnubrögðum og námsleiðum.

Nokkrir starfsmenn eru í námi í vetur. Deildarstjóri stoðþjónustu er í meistaranámi í farsældarlögunum, fjórir eru í kennsluréttindanámi (þrír leiðbeinendur og einn stuðningsfulltrúi), auk þeirra sem eru í Byrjendalæsi og sitja Læsi fyrir lífið - námskeið vetrarins.

Þess má geta að fimm nemendur er í framhaldsskólaáföngum frá FNV.

Haustþing starfsfólks grunnskólanna á Norðurlandi vestra var haldið á Sauðárkróki föstudaginn 29. ágúst. Aðal fyrirlesarar voru frá Kvan og var áherslan á góð samskipti, útikennslu og útiveru. Jakob F. Þorsteinsson og Vanda Sigurgeirsdóttir lektorar við HÍ og eigendur og þjálfarar hjá Kvan, ásamt fleirum voru þar í fararbroddi með mjög góða fræðslu. Áhersluatriði þingsins voru í frábærum takti við áherslur Húnaskóla.

Við munum halda áfram með samskiptaverkefnið Láttu þér og öðrum líða vel í 5. og 6. bekk. Við fengum styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskólanna fyrir því verkefni. Einnig höldum við áfram með Krakkaspjall, Félagaspjall og Unglingaspjall, samskiptaverkefni í öllum bekkjum en við fengum styrki fyrir þessum námskeiðum fyrir tveimur árum og fóru þá allir umsjónarkennarar á námskeið.

Valfög í 9. og 10. bekk eru fjölbreytt að vanda og enn meiri fjölbreytni þegar smiðjur á valgreinadögum grunnskólanna í Húnaþingi eru taldar með en valgreinadagarnir eru tvisvar yfir veturinn hjá 8. - 10. bekk. Sá fyrri er haldinn hér í Húnaskóla í október.

Uppbrotsdagar - Kennarar eru með óþrjótandi elju og alltaf tilbúnir í að nýta það sem við höfum hér í Húnabyggð. Við erum með fastar gönguferðir í öllum árgöngum og eru nokkrar af þeim þegar búnar, stokkið var af stað í góða veðrinu. Eins er búið að nýta næsta nágreanni vel. Markmið haustsins er að efla bekkjaranda og er mikið mælt með útikennslu í því sambandi eins og lögð var áhersla á á haustþinginu. Nokkrir árgangar hafa þegar fest það í stundatöflu hjá sér.

Framkvæmdir hafa verið nokkrar í skólanum og á skólalóðinni í sumar og vonumst við til að þeim verði lokið að mestu á næstu vikum. Búið er að setja ný ljós og kerfisloft í allar kennslustofur á efri hæð í Nýja skóla og setja öryggisgler í glugga á göngum í öllum Nýja skóla og öryggislokanir á hurðir þar. Verið er að ganga frá ýmsum aðgengismálum og verið er að setja upp öryggishandrið við gömlu aðrennuna í Nýja skóla. Einnig er verið að bæta hljóðvist í Gamla skóla. Við vonumst til að á næstunni verði settir niður nokkrir varanlegir parísar á torginu okkar og að við fáum almennilegan sandkassa við suður hornið á Gamla skóla. Búið er mála kennslurýmið út á Svæði í Íþróttamiðstöðinni og setja upp öryggismyndavélar á Gamla skóla sem ná að skanna svæðið í kringum skólann og helstu leiksvæði.

Tölvukostur skólans er nokkuð misjafn að gæðum og aldri. Fartölvur kennara þarfnast endurnýjunar og erum við í vandræðum vegna uppfærslu á Windows 2011, tölvukosturinn okkar er orðinn svo gamall. Stuðningi við Windows 10 verður hætt þann 14. október 2025. Vonandi tekst okkur að endurnýja það nauðsynlegasta fyrir þann tíma.

Á döfinni:

Danskur gestakennari, Grete Felt Hansen er komin til okkar, kom 1. september. Hún verður hjá okkur í mánuð, fer frá okkur í Höfðaskóla, þaðan í Grunnskóla Húnaþings vestra og kemur svo aftur til okkar í viku í desember. Markmiðið með heimsókninni er að víkka sjóndeildarhringinn, auðga kennsluna, fá innsýn í danskt skólakerfi og miðla af okkar reynslu. Þessi heimsókn er okkur að mestu að kostnaðarlausu en við greiðum hluta af gistikostnaði og svo einhverja afþreyingu. Ég bið ykkur um að gefa ykkur á tal við hana ef þið hittið hana. Hún mun örugglega nýta sér Íþróttamiðstöðina mikið. Hún mun dvelja í Glaðheimum á meðan hún er í Húnaskóla. Dagný Rósa fræðslustjóri hefur umsjón með verkefninu og gerir það vel eins og hennar er von og vísa.

Kynningarkvöld fyrir foreldra eru fyrirhuguð 16. og 17. september. Þar verður 1. bekkjar námskeið, kynning á Íslensku æskulýðsrannsókninni, InfoMentor og fundir með umsjónarkennurum. Við vonumst til að sjá sem flesta. Foreldrafélagið er boðað til þátttöku og kynningu á sínu starfi.

Heilsudagar í Húnabyggð 23. - 29. september - Húnaskóli mun taka þátt og er íþróttadagur skólans haldinn 25. september.

Ungmennaping SSNV 7. október. Við gerum ráð fyrir að eiga þar nokkra fulltrúa eins og á síðasta ári.

Heimsókn 10. bekkjar í MA og VMA er áætluð 8. október næstkomandi.